

Aðalfundur Faxaflóahafna sf. 2023

Ár 2023, föstudaginn 30. júní var haldinn aðalfundur Faxaflóahafna sf. fyrir starfsárið 2022 og var fundurinn haldinn í fundarsal Hafnarhússins við Tryggvagötu 17, Reykjavík.

Mættir f.h. eigenda voru:

Reykjavíkurborg:	Dagur B. Eggertsson
Akraneskaupstaður:	Haraldur Benediktsson
Hvalfjarðarsveit:	Linda B. Pálsdóttir
Skorradalshreppur:	Jón E. Einarsson
Borgarbyggð:	Stefán Broddi Guðjónsson

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Hún setti fram tillögu um að fundarstjóri verði Magnús Baldursson lögmaður og fundarritari verði Ragnheiður Ragnarsdóttir, deildarstjóri fjármáladeildar Faxaflóahafna og var tillagan samþykkt samhljóða.

Áður en gegnið var til dagskrár aðalfundar voru umhverfisverðlaun Faxaflóahafna veitt.

Umhverfisverðlaun Faxaflóahafna – Fjörusteinninn – eru veitt fyrirtæki á hafnarsvæðunum Faxaflóahafna sem sýnt hefur framsækni í umhverfismálum og verið til fyrirmyndar hvað varðar frágang á lóð og snyrtilegt umhverfi. Verðlaunin eru nú veitt af hafnarstjórn á 2ja ára fresti. Þórdís Lóa tilkynnti að verðlaunin væru að þessu sinni veitt Norðuráli hf. á Grundartanga. Í kjölfarið rakti Ástríður Elín Jónsdóttir, gæða- og umhverfisstjóri Faxaflóahafna, hvað lá að baki valinu. Sigrún Helgadóttir framkvæmdastjóri Norðurlands Grundartanga, Margrét Rós Gunnarsdóttir verkefnastjóri samskipta og samfélagsmála og Þorsteinn Ingi Magnússon framkvæmdastjóri öryggis-, umhverfis- og umbótasviðs tóku við verðlaunum fyrir hönd fyrirtækisins. Þakkaði Sigrún fyrir viðurkenninguna sem fellst í þessum verðlaunum og fór yfir í stuttu máli hverjar áherslur fyrirtækisins væru á sviði umhverfismála. Kom m.a. fram í máli hennar að fyrirtækið færi grænt bókhald og stefnir að kolefnishlutleysi.

Að verðlaunaafhendingu lokinni gaf Þórdís Lóa formaður stjórnar fundarstjóra orðið.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að löglega hafi verið boðað til fundarins og upplýsti að mætt sé á fundinn af hálfu allra eignaraðila.

Hann bætti við að ef engar athugasemdir væru gerðar við fundarboð væri gengið til dagskrár aðalfundar skv. grein 4.1. í sameignarfélagssamningi fyrir félagið.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar félagsins, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem stjórn og félagið tókst á við á liðnu ári.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur.

Gunnar Tryggvason hafnarstjóri, fór yfir reikninga félagsins vegna ársins 2022. Starfsárið hafði verið félaginu gott, vöxtur umfram væntingar. Mikill vöxtur hafi verið í ferðapjónustu auk aukningar í vöruflutningum, sem enn eru stærsti tekjuliður félagsins. Fyrirtækið er skuldlaust og eignastaða góð en framundan séu fjármagnsfræk verkefni, s.s. bygging fjölnota húss undir ferðamiðstöð og nýjar höfuðstöðvar þar sem fyrirhugað sé að sameina starfsemi undir einu þaki.

Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum eða spurningum um reikningana og skýrslu stjórnar samkvæmt 1. dagskrárlíð.

Helgi Áss Grétarsson varaborgarfulltrúi spurði út í fyrirhugaðar fjárfestingar félagsins og hvenær fyrirhugað væri að ráðast í þær. Gunnar upplýsti að byrjað yrði á fjölnota ferðamiðstöð í ár og ætti hún að vera tilbúin um mitt ár 2025. Hann upplýsti jafnframt um að unnið væri samkvæmt nokkurra ára áætlun um uppbyggingu og endurnýjun. Stjórn félagsins væri að auki með í vinnslu fjárfestingarstefnu fyrir félagið samhliða því að unnið væri að arðgreiðslustefnu sem taki tillit til fjárfestinga og fleiri þátta.

Engar aðrar athugasemdir eða spurningar um reikningana bárust. Fundarstjóri lagði reikninginn til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins setti fram svohljóðandi tillögu um greiðslu arðs til eigenda:

Arður til eigenda verði 1.646 milljónir króna. Tillagan byggir á sömu forsendum sem er að finna í tillögu stjórnar um arðgreiðslustefnu fyrir félagið og fylgdi fundarboði vegna dagskrárlíðar nr. 5. Arður skiptist á eignaraðila eftir eignarhlutföllum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillaga stjórnar um stefnumótun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stjórnar og árangur af innleiðingu hennar.

Ástríður Elín Jónsdóttir kynnti tillögu stjórnar um stefnumótun og framtíðarsýn félagsins. Markmiðið sé að Faxaflóahafnir verði á meðal fremstu hafna í Norður-Atlantshafi. Hafnir félagsins búi yfir góðum innviðum, séu grænar, öruggar og skilvirkar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða og telst því staðfest af eigendafundi.

5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.

Fyrir lá tillaga stjórnar um arðgreiðslustefnu fyrir félagið. Ástríður Elín fór stuttlega yfir tillöguna og mikilvægi þess að hafa skýra stefnu að þessu leiti. Arðgreiðslustefnunni sé ætlað að auka fyrirsjáanleika og sé mikilvæg fyrir samskipti við eigendur félagsins, lánveitendur og þá sem munu eiga í viðskiptum við félagið.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri lagði fram tillögu um að staðfesting fundarins á arðgreiðslustefnunni verði frestað þar sem heppilegt væri að afgreiða hana í tengslum við mótun á stefnu hvað varðar fjármagnsskipan félagsins, sem stæði yfir um þessar mundir.

Tillaga Dags var samþykkt með atkvæðum Reykjavíkurborgar, Borgarbyggðar og Skorradalshrepps (79,91% atkvæða). Hvalfjarðarsveit (9,31% atkvæða) greiddi atkvæði gegn tillögunni, og Akraneskaupstaður (10,78% atkvæða) sat hjá.

Tillaga stjórnar um arðgreiðslustefnu fyrir félagið var því ekki borin undir fundinn til staðfestingar.

6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar.

Ástríður Elín kynnti tillögu stjórnar um starfskjarastefnu. Markmið stefnunnar sé að stuðla að því að Faxaflóahafnir búi að stjórnendum og mannauði og greiði samkeppnishæf laun án þess þó að vera þar leiðandi. Stefnunni sé ætlað að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og stjórnendur félagsins.

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu var samþykkt samhljóða og telst því staðfest af eigendafundi.

7. Ákvörðun um stjórnarlaun.

Gerð var tillaga um að stjórnarlaun samsvari flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg og að formaður fái tvöföld stjórnarlaun, líkt og gilt hefur undanfarin ár.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Hvað varðar ákvörðun um þóknun til nefndarmanna undirnefnda, þá lá fyrir fundinum tillaga um að vísa málinu að svo stöddu til starfskjaranefndar, sem myndi móta tillögu fyrir félagið.

Þórdís Lóa bað um orðið áður en tillagan kom til atkvæða. Kom fram í máli hennar að í fyrsta sinn nú væri undirnefnd að störfum hjá Faxaflóahöfnum og líklegt væri að til þess kæmi oftar í framtíðinni. Því sé mikilvægt að hafa umgjörðina skýra. Hún styddi að vísa tillögunni til starfskjaranefndar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Lýsing á kjöri stjórnar.

Fundarstjóri kynnir þær tilkynningar eignaraðila sem lágu fyrir um tilnefningu í stjórn félagsins:

Frá Reykjavíkurborg sitja því í stjórn:

Aðalmenn:	Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
	Hildur Björnsdóttir
	Már Mátsson
	Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Varamenn: Pawel Bartoszek
Friðjón R. Friðjónsson
Íris Baldursdóttir
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Guðmundur Ingþór Guðjónsson
Varamaður: Ragnar B. Sæmundsson

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Helga Harðardóttir
Varamaður: Andrea Ýr Arnarsdóttir

Sameiginlegur fulltrúi Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar:

Aðalmaður: Páll Brynjarsson
Varamaður: tilnefning liggur ekki fyrir

Fundarstjóri lýsti framangreinda rétt kjörna í stjórn félagsins.

9. Kosning löggilts endurskoðanda.

Lagt var til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun reikninga félagsins og var tillagan samþykkt samhljóða.


10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru borin upp.

Engin önnur mál hafa verið borin upp en Dagur B. Eggertsson bað fundarstjóra um orðið. Hann þakkaði bæði stjórn og stjórnendum Faxaflóahafna framúrskarandi árangur og þakkir fyrir vel unnin störf og bað um að það yrði fært til bókar.

Fundarstjóri óskar eftir heimild til þess að fundarstjóri og fundarritari gangi frá fundargerð og sendi eigendum rafrænt.

Að því búnu sleit fundarstjóri fundi kl. 15:10.


Magnús Baldursson
fundarstjóri


Ragnheiður Ragnarsdóttir
fundarritari